



AÐALFUNDARBOÐ

Reykjavík, 20. apríl 2026

Stjórn IcelandSIF, kt. 461217-1330, Smáratorgi 3, 200 Kópavogi, boðar hér með til aðalfundar félagsins fyrir árið 2025.

Fundurinn verður haldinn í **höfuðstöðvum Arion banka**, Borgartúni 19, 105 Reykjavík, **miðvikudaginn 20. maí og hefst kl. 9.00.**

Dagskrá aðalfundar er sem hér segir, sbr. 5. gr. samþykktu félagsins:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla stjórnar lögð fram
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar
4. Fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár
5. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna
6. Kosning stjórnar
7. Kosning endurskoðanda
8. Ákvörðun félagsgjalds
9. Tillögur að breytingum á samþykktum, ef þær liggja fyrir
10. Önnur mál

Tillögur sem félagsaðilar vilja leggja fyrir fundinn þurfa að berast í tölvupósti á netfangið icelandsif@icelandsif.is eða með öðrum skriflegum hætti til stjórnar félagsins, í síðasta lagi **kl. 16:00 miðvikudaginn 29. apríl nk.**

Tilkynningar um framboð til stjórnar þurfa að berast í tölvupósti á netfangið icelandsif@icelandsif.is eða með öðrum skriflegum hætti til stjórnar félagsins, í síðasta lagi **kl. 16:00 föstudaginn 15. maí nk.**

Endanleg dagskrá og fram komnar tillögur munu liggja fyrir á skrifstofu félagsins eigi síðar en tveimur vikum fyrir aðalfund.

Daði Már Kristófersson, fjármála- og efnahagsráðherra, mun ávarpa fundargesti í upphafi fundar.

Boðið verður upp á kaffiveitingar í húsaáskynnum Arion banka frá kl. 8:30.

Virðingarfyllt,
f.h. stjórnar IcelandSIF

Arnar Sveinn Harðarson

Arnar Sveinn Harðarson
Stjórnarformaður